

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 5529899, 5630325, 5630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

4. stjórnarfundur LH haldinn í Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikud.

11.febrúar 1998 kl. 14:00

Formaður setti fundinn og bauð fólk velkomið. Hann tilkynnti að Halldór Gunnarsson væri væntanlegur á hverri stundu og óskaði eftir fundarritara í hans stað Oddný Jónsdóttir tók það starf að sér.

Mættir: Birgir Sigurjónsson, Jón Albert Sigurbjörnsson, Halldór Gunnarsson, Bergur Jónsson, Sigríður Sigþórsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Sigurgeir Bárðarson, Sigurður Ragnarsson, Oddný Jónsdóttir, Haraldur Þórarinsson, Sigurður Marínusson og Sigfús Helgason Einnig sat Sigrún Sigurðardóttir seinni hluta fundarins.

Fundargerð síðasta fundar:

Formaður lagði fram fundargerðina til samþykktar. Nokkrar athugasemdir voru gerðar m.a. óskaði Jón Albert eftir skýringu á M lið úr fundargerð 3ja fundar frá 7.janúar s.l. Þar vantar einn aðila í útbreiðslu og kynningarnefnd. Formaður spurði um 2.mál í fundargerð annars fundar (3.12.s.l.) sem er fjárhagsáætlun v/Youth Cup á Hellu í sumar, áætlunin hefur ekki borist.

Opnun nýrrar skrifstofu L.H.

Samþykkt að bjóða til kynningar og móttöku: formönnum hestamannafélaga, blaðamönnum, fréttamönnum, o.fl. miðvikudaginn 11.mars n.k. kl. 17:00-19:00, Jón Albert og Haraldur tóku að sér að sjá um undirbúning. Stjórnarfundur verður sama dag kl. 13:00 til 17:00.

Landsmót 2000

Formaðurinn sagði frá fundi Fáks varðandi LM 2000 og las upp fundargerð fundarins. Miklar umræður urðu um málið og virðast nokkur atriði óljós. Haraldur vitnaði í Landsmót UMFÍ í Borgarnesi s.l. sumar, hann sagði að búið hefði verið að fjármagna mótið áður en það hófst. Haraldur benti á að Ingimundur Ingimundarson framkvæmdastjóri UMSB gæti trúlega gefið góð ráð varðandi mótaðaldið.

Myndataka LM 1998

Nokkrar umræður urðu um málið þar sem Samver á Akureyri hafði farið fram á 10 daga frest til að gera tilboð í myndatökuna. Ákveðið var að verða við þessari beiðni og láta þá aðila er málið varðar vita.

Starfsmannamál

Nefndin lagði fram verklýsingu fyrir two starfsmenn. Stjórnarmenn voru mjög ánægir með vinnu nefndarmanna. Samþykkt að fá ráðningarskrifstofu til að sjá um auglýsingar og úrvinnslu umsókna.

Félagaskrá L.H. til upplýsinga

Beðið hefur verið um félagatal L.H. til upplýsinga. Nokkrar umræður urðu og voru stjórnarmenn alveg sammála um að L.H. mætti alls ekki afhenda þessi gögn. Ef

fyrirtæki hefðu áhuga á þessum gögnum þá verða þau að hafa samband við viðkomandi hestamannafélög.

Tilnefningar í starfsnefndir framhald

- a) Fjáraflanefnd- frestað
- b) FEIF-nefnd nokkrar umræður um hlutverk og verksvið nefndarinnar ákvörðun frestað. Formanni falið að kalla fyrri nefnd saman og fá nánari upplýsingar um starf nefndarinnar.
- c) Íþróttadómaranefnd, samþykkt að tilnefna þá Tómas Ragnarsson og Birgir Árnason, stjórн HÍDÍ tilnefnir þriðja mann.
- d) Tölvu og gagnanefnd. Ákveðið að sameina hana Útbreiðslu og kynningarnefnd.
- e) Nefnd er kannar samstarf L.H. og F.T. Ákveðið að tilnefna Sigrúnu Ólafsdóttur og Halldór Gunnarsson. Ljóst er að samstarf með sama hætti og verið hefur getur ekki gengið, þar sem FT er ekki íþróttafélaga. Áríðandi að kanna möguleika á áframhaldandi samstarfi.
- f) Útbreiðslu og kynningarnefnd var skipuð á þriðja stjórнarfundi L.H. Hulda G. Geirsdóttir sa sér ekki fært að starfa með nefndinni og var ákveðið að Jón Albert tæki hennar sæti.

Hesturinn Okkar

Fram kom að Skjaldborg hefur sagt upp samungi um útgáfi H.O. Ákveðið að vísa málínu til útbreiðslu og kynningarnefndar.

HM 1999

Jón Albert fór fram á heimild stjórнar til að kalla saman þá aðila sem hugsanlega eiga hagsmuna að gæta. Skýrði hugmyndir um sýningarhóp tengdan landsliðinu í hestaíþróttum. Telur mikinn áhuga á að vera með vörukynningar og sýningar tengdar leikunum. Jón Albert tók skýrt fram að ekkert yrði framkvæmt öðruvísu en að allar kostnaðaráætlanir yrðu lagðar fyrir stjórн fyrirfram.

Birgir sagði frá fundi sem hann og Sigrún Sig. sóttu með þingmönnum og hagsmunaðilum varðandi kynningararmál, markaðssetningu og hugsanlega styrki frá hinu opinbera. Boðaður hefur verið annar fundur 10.mars með sömu aðilum.

Jón Albert leggur til að Landafundanefnd verði skrifað bréf vegna auglýsingar sem fyrir lá.

Samþykkt að veita Jóni Albert heimild til að hefjast handa.

Reiðvegafé 1998

Birgir las þingsályktunar tillögu varðandi reiðvegafé, þar kom fram að 22.millj. eru áætlaðar í reiðvegafé 1998.

Reglugerð um dýrahald í atvinnuskyni.

Töluverðar umræður urðu um málið og voru stjórнarmenn almennt á því að reglugerðin væri út í hött, ætti ekki við um hestahald á Íslandi.

Sigríður taldi að þar sem reglugerðin hefði tekið gildi væri eina færa leiðin að skrifa Umhverfisráðuneytinu bréf og gera athugasemdir. Einnig að fá upp hver hefði verið umsagnaraðili þegar þetta var samið.

Reglugerð sem Brynjólfur Sandholt samdi um hestahald væri af öðrum toga og þar væri greinilega fjallað um hestahald af þekkingu.

Afreksmannasjóður

Kynnt bréf frá Afreksmannasjóði þar sem fram kom að L.H. hefði fengið styrk að upphæð kr. 300.000 sem kemur til greiðslu í tvennu lagi 1.apríl og 1.maí. Skila þarf skýrslu um nýtingu styrksins.

Unglinganefnd

Kynnt bréf frá Unglinganefnd þar sem boðið er til fundar á Hótel Cabin varðandi unglingsmál FEIF. Fundurinn hefst kl. 9:30 þann 14 febrúar n.k. Birgir mun sitja fundinn.

Kynning á íþróttagreinum

Bréf frá Háteigsskóla þar sem farið er fram á að sérsamböndin sjái um kynningar á íþróttagreinum.

Fram kom að Útbreiðslu og kynningarnefnd hefur tekið málið að sér.

Bréf frá framkvæmdastjóra LM vegna dómaramála á LM.

Búið er að senda Pormari Ingimarssyni formanni Dómarafélags LH erindið. Einnig var ákveðið að senda dómaranefnd afrit.

Bréf frá Melgerðismelum

- vegna breytinga á stóhestahúsi. Stjórnarmenn samþykkir breytingum.
- vegna fyrirspurnar um hvort megi hafa fjóra spretti í skeiðkappreiðum í stað tveggja. Stjórnarmenn sammála um að útilokað sé að breyta lögum L.H. nema á þingum.

Ákveðið að skrifstofa sjái um að svara þessu.

Fagráð

Birgir las reglugerð um Fagráð þar sem fram kemur að stjórn félags hrossabænda tilnefnir fjóra fulltrúa og fjóra varamenn. Þar af einn aðalmann í samráði við stjórn L.H.

Töluberðar umræður urðu um málið og voru stjórnarmenn ekki sammála. Nokkuð er ljóst að sé ekki nýr maður tilnefndur af stjórn L.H. sé áltið að gefi sá er situr kost á sér sitji hann áfram.

Sigurgeir hafði rætt við Berg Pálsson formann Félags hrossabænda og kom fram í máli hans að L.H. hafði ekki tilkynnt breytingu og sæti því sami fulltrúi áfram.

Sigríður lagði til og lét bóka eftirfarandi

Lagt til að samþykkja Guðmund Jónsson sem fulltrúa L.H í Fagráði.

Þar sem nokkrir stjórnarmenn höfðu orðið að yfirgefa fundinn var ákeðið að fresta afgreiðslu þar til á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 19:30